

Bridge

TVIMENNINGSKEPPNI Bridge félags kvenna er lokið. Sigurvegarar urðu Kristjana og Halla með 963 stig.

2) Rósa — Sigríður	919
3) Elin — Rósa	917
4) Petrína — Sigríður	906
5) Ásgerður — Laufey	896
6) Asta M. — Ingibjörg	890
7) Asta — Kristín	888
8) Sigurbjörg — Rannveig	883
9) Guðrún E. Guðrún H.	881
10) Júlíana — Anna	869
11) Sigríður — Kristrún	867
12) Margrét Ásg. — Guðrún	862

FRÍÐJA umferð í tvímenningskeppni meistaraflökks Bridgefélags R-yrkjavíkur fór fram s.l. þriðjudagskvöld. 16 efstu þörin eru nú sem hér segir:

1. Símon — Þorgeir	1625
2. Eggert — Þórir	1624
3. Arní M. — Benedikt	1561
4. Einar — Gunnar	1561
5. Ásbjörn — Vilhjálmur	1467
6. Guðjónsen — Jóhann	1466
7. Ásmundur — Hjalti	1455
8. Jón Ára — Sigríður	1425
9. Jakob — Jón Bj.	1415
10. Kristinn — Lárus	1412
11. Brandur — Ólafur	1404
12. Ivar — Ragnar	1400
13. Hilmar — Rafn	1400
14. Jóhann — Sigríður	1383
15. Sigríður — Stefán	1365
16. Asta — Rósa	1353

HVE oft tapast ekki spil, eins og það, sem hér fer á eftir, þótt það eigi auðveldlega að vinnast ef spilarinn athugar sinn gang.

Suður var sagnhafi í 4 spöðum og Vestur lét út tiguldrottingu.

♠ 10 9 8 4	♠ D G 7 3
♥ A K D	♥ 10 7 6 3
♦ 4 3 2	♦ 7 6
♣ A K 2	♣ D 10 8
♠ 2	♠ A D 10 8
♥ G 9 8	♥ A D 10 8
♦ D G 10 V	♦ A D 10 8
♣ 9 8	♣ A D 10 8
♠ G 9 7 3	♠ A D 10 8
♥ A K 6 5	♥ A D 10 8
♦ 5 4 2	♦ A D 10 8
♣ A K 5	♣ A D 10 8
♠ 6 5 4	♠ A D 10 8

Suður drap tiguldrottinguna heima með ás. Án þess að hugsa sig um tók hann því næst ás og kóng í spaða og þá kom sannleikurinn í ljós. Ástur fær 2 slagi á spaða. Auk þess kemst Suður ekki hjá því að gefa einn slag á tigul og einn slag á lauf. Spilið varð þannig einn níður.

Gætinn spilari hefur ekki tapað þessu spili, því hann gefur aldrei nema einn slag á tromp. Fyrst á að taka spaðaás og er það gert til að sjá hvort annar hvor andstæðinganna eiga drottingu eða gosa í spaða sem ein-spil, því næst fer hann inn á borðið og lætur út spaða 10. Ef lágur spaði kemur frá Austri, þá er tíunni svinað. Ef Vestur getur drepð tíuna þá fá A—V aðeins einn slag á spaða, því síðasti spaðinn fellur í kónginn. Ef spaðinn er aftur á móti skiptur eins og í spiliu hér að framan, þá fær Suður slaginn á tíuna og spaðadrottingu eða gosi falla í kóng og A—V fá aðeins einn slag á spaða.

Er spil þetta gott dæmi um hve varfærni er nauðsynleg og ávallt rétt að reikna með því versta.

2200 tonnur til Akraness

Akranesi, 8. nóv.

Í DAG iðuduðu hér sjö bátar sild, samtals um 2200 tonn, þótt talsverð alda væri hjá þeim á miðunum. Anna var aflahæst með 582 tonn, þá Höfrungur II. 475, Haraldur 355, og Skipaskagi 325 tonn. Sildin er bæði stór og feit, ekkert fyrir neðan millisild. Um ¾ sildarinnar er saltad en hitt hraðfryst.

Fjórir trillubátar voru á sjó í dag með innu og fiskaði enginn undir tonni. Sæljónið var hæst með 1400 kíló — Oddur.



Hannes Pétursson

Þrjár nýjar Helgafellsbækur

FRÁ Helgafellsútgáfunni bárust í dag þrjár nýjar bækur. „Sögur að norðan“ eftir Hannes Pétursson, „Sumardagar“ eftir Sigurð Thorlacius og „Rauði hatturinn“ eftir Ásgerði Búadóttur, listmálara. Hannes Pétursson er þjóðkunnur sem ljóðskáld, en þetta er fyrsta bók hans í óbundnu máli. Eru í bókinni 12 sögur eða frásögubættir. Skyttan, Einkennis húfan, Ferð inn í fjallamyrkrið, Landslag ferðast milli glugga, Maður í tjaldi, Brúarvígslan, Fæddur úrsmíður, Hesturinn Sigurfari, Kvenfólk og brennivín, Í djúpum skörðum. Spilað á

orgel, í haustbrimunum. Bókin er 162 bls. prentuð í Helgafelli og kápa eftir Hafstein Austmann. Bókin er mjög fallega útgefin.

Sumardagar eftir Sigurð Thorlacius kom fyrst út fyrir 20 árum. Nýja útgáfan frá Helgafelli er prýdd gömlu myndunum að mestu, nokkrar nýjar. Útgáfan er fallega gerð.

„Rauði hatturinn“ eftir Ásgerði Búadóttur er nýstárleg bók, litprentuð, en texti er á fimm tungumálum, ensku, þýzku, dönsku og frönsku, auk íslensku.

Ný höfn lífsskilyrði segir Sveinn Jónsson í Höfnum

FYRIR nokkru leit inn á ritstjórn blaðsins Sveinn Jónsson form. Verkalýðsfélagsins í Höfnum og bílstjóri hjá hraðfrystihúsinu þar. Var hann innur eftir almennum fréttum úr plássinu og kom þá í ljós að þeir Hafnarmenn eiga við ýmsa örðugleika að etja, og ber þar hæst hinn ófullgerði hafnargarður.

★

— Það var nokkru eftir 1950, sem byrjað var á hafnargarði hér og unnið við hann í áföngum næstu árin. Í vor var garðurinn svo orðinn um 200 metra langur og aðeins eftir einir 7 eða 8 metrar út á klöpp, sem þarna er. Og þegar náð hefur verið þangað er ekki annað eftir til þess að hér skapist viðunanleg höfn fyrir vélbáta en gera nokkra beyju á garðinn. Verkið var boðið út og var í ráði að byggingarfélagið Goði í Reykjavík tæki það að sér fyrir eina milljón króna. En þá strandaði á láni til að fullgera verkið því að hreppnum vantaði 600 þús. kr. Af kunnugum er talið að þessa peninga hefði mátt fá úr Atvinnutryggingasjóði, sem ýmis bæjarfélög hafa fengið peninga úr til framkvæmda. En Hafnarefni er ekki aðili að þessum sjóði og því var ekki hægt að fá þar peninga.

Og Sveinn heldur áfram: — Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Hafnirnar liggja hvað best allra staða hér á Suðurnesjum við höfnum auðugu fiskimiðum. Heðan er örutt að sækja á miðin og aðstæður góðar, ef hafnararskilyrði væru með öðrum

hætti. Eins og ástandið er nú, er ekki vegur að gera hér út stóra vélbáta á vetrarvertíð. Það er því mjög aðkallandi, að unninn verði bráður bugur að því að fullgera hafnargarðinn, en það myndi auka atvinnumöguleika hér í plássinu geysilega. Að visu eru gerðar hér út trillur, en það er alls endis ófullnægjandi. Síðastliðinn vetur var ekið fiski hingað úr bát, sem lagði upp í Keflavík, og var hann unninn í hraðfrystihúsinu.

★

Og svo var það annað mál, sem ég vildi tililega minnst á, hélt Sveinn Jónsson áfram, en það eru mjólkurflutningarnir hingað í Hafnirnar. Mjólkursamsalan eður mjólk hér út um öll Suðurnes, nema hingað í plássið. Er mjólkinn, sem hingað á að fara, skilin eftir við flugvallarhlíðið, og þaðan verður hreppurinn að láta aka henni í plássið daglega fyrir um 70—80 krónur. Er slíkt fyrirkomulag með öllu óviðunardi, og er von okkar Hafnarmanna, að samsalan verði við ósk okkar um að flytja mjólkina hingað eins og til annarra staða á Suðurnesjum.

Demókratar fagna sigrum

NEW YORK, 8. nóv. — Mikill fögnuður ríkti í röðum demókrata í dag, þegar það fékkst staðfest, að Robert Wagner, framþjóðandi flokksins til borgarstjóraembættisins í New York, hefði verið endurkjörinn með nær 400 þúsund atkvæða meirihluta — og, sem kom meira á óvart, að demókratinn Richard Hughes hefði sigrað fyrrverandi verkalýðsmálaráðherra, James Mitchell, við ríkisstjórnarkefnið í New Jersey. — Í Virginíu var demókratinn Harrison kjörinn ríkisstjóri, eins og við hafði verið búist.

★

Þegar Kennedy frétti úrslitin í New Jersey, varð honum að orði: — Já, ferðin þangað hefur sannarlega borgað sig. Kennedy tók þátt í kosningabaráttunni með Hughes. Eisenhower, fyrrverandi forseti stuðdi einnig Mitchell á virkan hátt.

„Langir og erfiðir samningar“

hafnir um aðild Breta að Efnahagsbandalaginu

Brüssel, 8. nóv.

SAMNINGAVIÐRÆÐUR um inntöku Bretlands í Efnahagsbandalag sexvöldanna hófust hér í dag, í nýrri byggingu belgíska utanríkisráðuneytisins. Fulltrúi Breta í viðræðunum er Edward Heath vara-utanríkisráðherra sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi viðræðanna

við sexvöldin, fyrir hönd Bretastjórnar.

— ★ —

Fréttaritari brezka útvarpsins lét svo um mælt í dag, að flest benti til þess, að samningar þessir yrðu „langir og erfiðir“. Aðilar vonast þó til, að þeir leiði til inngöngu Breta í bandalagið einhvern tíma á árinu 1963.

— ★ —

Fréttamaður Associated Press við samningaviðræðurnar í

Brüssel telur upp helztu vandanálin — þannig: — Hvernig unnt má vera að samræma aðild Breta að Efnahagsbandalaginu og skuldbindingar þeirra við samveldislöndin. — Hvað verður um önnur aðildarríki Fríverzlunarsvæðisins (EFTA), sem Bretar voru helztu hvatamenn að — til mótvægis við Efnahagsbandalagið. — Og loks — hversu langt Bretar geta gengið í átt til nánari stjórnmálasmálands Vestur-Evrópuríkjana.



• Vínland, ekki

Vínland

Þorsteinn Guðjónsson skrifar:

Mér þótti vænt um að sjá fréttina um fundar húsarústir eftir forn-íslenska landkönnuði á Nýfundalandi í Mbl. í gær (5.11.) og þá jafnframt hve fyrirspurnin var vel valin: Íslendingasögur sögðu satt. Það er efalást, að Íslendingasögur voru skrifaðar með það fyrir augum að segja satt, og sífellt kemur

eitthvað til að sanna að þetta hefur að verulegu leyti tekist. — Fræðimaðurinn Helge Ingstad hefur unnið gott verk og þarft og er ekki ólíklegt að hann vinni sér til talsverðrar frægðar með þessu afreki sínu, sem hann á einmitt því að þakka mest, að hann tók til greina það sem sögurnar segja.

En þó kemur eitt til greina, sem gagnrýna verður hjá honum. Í fréttinni (frá Skúla Skúlasyni) segir að hann sé með efasemdir um það að nafnið Vínland sé rétt eftir haft og að hann dragi í efa

að þangað hafi íslenskir menn komið, sem vínviður vex í Norður-Ameríku, og að hann „hallist að skýringu“ einhvers Söderbergs um það að nafnið hafi verið Vínland, kennt við vinar. Þetta er mesta fjarstæða og sprottin af því þekkingarleysi á íslensku máli, sem of algengt hefur verið meðal fræðimanna á Norðurlöndum. Orðið vín ruglaðist ekki í munni íslenskra manna saman við vín. Og ef til vill mætti vænta þess, að einhver íslenskur menntamaður kæmi því á framfæri við Helge

Ingstad, að til er vísa eftir Þórhall veiðimann, sem fylgdi Þorfinni Karlsefni vestur, þar sem hann nöldrur um að ekki sé enn fundið vínið, sem sér hafi verið lofað. En þess hafa leiðangursmenn einmitt vænt sér, eftir frásögn Leifs heppna og þeirra félaga af sinni ferð, og fór þá ekki á milli mála, að Vínland er nafnið sem þeir völdu landinu.

Þá dettur mér það í hug, að á þessum merkilega fornleifafundum, sem snerta sögu Ameríku, þyrfti að vekja athygli meðal Bandaríkjamanna og það rækilega og þar sem eftir því yrði tekið, eins og t. d. í stórbláinu New York Herald Tribune. Þar er jafnan gefið nokkurt rúm að sendu efni, að visu helzt frægustu mönnum þjóðanna, í ritlist, stjórnmálum og vísindum, en einnig öðrum stundum, ef þeim tekst vel að halda á máli sínu, og hafa eitthvað umtalsvert fram að bera.

Þorsteinn Guðjónsson.



VIÐ DIGRANESVÉG
BÍBLIÖKKUNIN
SÍMI 23628